



ORKUSTOFNUN
Vatnsorkudeild

**VATNSHÆÐARMÆLINGAR Í JÖKULSÁRLÓNI
Á BREIÐAMERKURSANDI**

Snorri Zóphóníasson

Unnið fyrir Vegagerð ríkisins

OS-92007/VOD-05 B

Janúar 1992



ORKUSTOFNUN
Grensásvegi 9, 108 Reykjavík

Verknr. 745-795

**VATNSHÆÐARMÆLINGAR Í JÖKULSÁRLÓNI
Á BREIÐAMERKURSANDI**

Snorri Zóphóníasson

Unnið fyrir Vegagerð ríkisins

OS-92007/VOD-05 B

Janúar 1992

VATNSHÆÐARMÆLINGAR Í JÖKULSÁRLÓNI Á BREIÐAMERKURSANDI

Veturinn 1991 fór Helgi Jóhannesson verkfræðingur hjá Vegagerð ríkisins fram á það við Vatnamælingar Orkustofnunar að þær áætluðu kostnað við uppsetningu vatnshæðarmælis í Jökulsárlóni á Breiðamerkursandi og áætluðu jafnframt árlegan reksturskostnað og úrvinnslu. Kostnaðaráætlun Vatnamælinga (bréf dagsett 1991.02.08) var jafnframt verktíloboð. Því var tekið sbr. bréf dagsett 1991.03.13.

Þann 1. maí 1991 komu starfsmenn Vatnamælinga fyrir þrýstinema tengdum stafrænu gagnasöfnunartæki í Jökulsárlóni á Breiðamerkursandi. Skráir tækið vatnshæðina á 30 mín fresti. Við gagnalestur 6. maí kom í ljós að neminn var hættur að virka. Mælirinn var settur upp aftur eftir viðgerð 15. maí og hefur mælt óslitið síðan. Samkvæmt landmælingum er skynjarinn 0,3 m y.s. og er þá miðað við OS hnit.

Þegar lesið er úr skynjaranum er vani að mæla hæð vatsborðsins út frá viðmiðun um leið og mælirinn skráir vatnshæð. Þannig fæst staðfesting á því hvort að hann starfi rétt. Viðmiðin eru rör þau sem rekin hafa verið niður sem festur fyrir mælisrörið. Auk þess er rör rekið í jörð nærri siritahúsinu, og auðkennt FM. Toppur þess er hafður rétt undir yfirborði til þess að það raskist síður. Tafla yfir hæð viðmiðanna yfir sjó fylgir hér. Þessar hæðartölur þarf að endurskoða með því að mæla aftur með betra mælitæki en notað var.


Gögnin sem fengust yfir vatnhæðina í lóninu á s.l. ári, og fylgja með þessum texta, sýna að vatnsborðið fylgir ekki einungis sjávarföllum. Ýmislegt annað hefur áhrif. Ráðandi þversnið óssins er t.d. síbreytilegt af völdum ísjaka. Ísjakarnir víkja frá ósnum þegar aðfall er, en fljóta fyrir þegar útfall er, líkt og kúla í einstefnuloka. Vindur og vindátt hefur einnig áhrif á stöðu þeirra auk þess sem mismikið er um jaka. Rennslí árinna er sveiflukennt sem annarra jökuláa. Dagsveiflur rennslisins eru í breytilegum fasa við sjávarföllin.

Virðingafyllt



Snorri Zóphóniásson

STÖÐ	LANDHN m y.s.	OS HNIÐ m y.s.
FM	9.075	4.875
húshorn	8.320	4.120
1. festa	7.716	3.516
2. festa	7.246	3.046
3. festa	6.605	2.405
4. festa	5.790	1.590
5. festa	5.550	1.350
6. festa	5.272	1.072
rörendi	4.567	0.367


Jokulsarlon




Jokulsarlon




Jokulsarlon




Jokulsarlon




Jokulsarlon




Jokulsarlon




Jokulsarlon



Jokuisarlon



Jokulsarlon



Jokulsarlon

